

Minnispunktur vegna gistiheimila/hótel.

Í AH2013-2025 segir:

Valkostir um byggðapróun á bls. 29.

Íbúðarsvæði.

Helstu kostir fyrir ný íbúðarsvæði eru eftirfarandi:

1. Þétting byggðar innan núverandi byggðarmarka, einkum vegna óska um breytta landnotkun, sérstaklega breytingar á atvinnusvæðum með úrelta starfsemi, eða starfsemi sem ekki er lengur þörf fyrir eða betur er staðsett annars staðar. Oft er þá óskað eftir að breyta landnotkun atvinnusvæða yfir í íbúðarsvæði.

Á bls. 30 segir:

Atvinnusvæði.

1. Þétting og endurbygging núverandi atvinnusvæða. Svæði í eldri hluta bæjarins eru nær fullbyggð, og rúmast ekki mikið til viðbótar innan þeirra. Þó má gera ráð fyrir einhverri endurbyggingu á þeim, þar sem verðmætari starfsemi sem hefur þörf fyrir landið yfirtekur það, en sú starfsemi sem er fyrir leggst niður eða flyst í útjaðra bæjarins eða lengra burt.

Á bls. 37 segir:

Svæði við Reykjavíkurveg og Flatahraun

Á skipulagstímabilinu er fyrirhuguð breytt starfsemi á hluta svæðisins milli Reykjavíkurvegar og Fjarðarhrauns (ÍB2), þannig að þar komi íbúðabyggð með u.þ.b. 60 íbúðir. Unnið var óformlegt rammaskipulag fyrir svæðið, sem samþykkt var að skyldi liggja til grundvallar fyrir aðalskipulag og deiliskipulag, en hlaut ekki lögbundna meðferð að öðru leyti.

Á bls. 46 segir:

Svæði milli Flatahrauns, Fjarðarhrauns og Reykjavíkurvegar (AT1)

Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 er svæðið milli Reykjavíkurvegar, Flatahrauns og Fjarðarhrauns skilgreint sem athafnasvæði, annars vegar iðnað og hins vegar verslun og þjónusta. Unnið var óformlegt rammaskipulag fyrir svæðið, sem samþykkt var að skyldi liggja til grundvallar fyrir aðalskipulag og deiliskipulag, en hlaut ekki lögbundna meðferð að öðru leyti. Þar er lagt til að hluta þess veri breytt í íbúðarsvæði. Í samræmi við það er hér gert ráð fyrir að mestur hluti þess svæðis verði áfram skilgreindur sem athafnasvæði, en að hluti þess verði skilgreindur sem íbúðarsvæði (ÍB2) með blöndu af þessu tvennu, sbr. kafla 2.2.1 íbúðarsvæði - þéttingarsvæði. Svæðið er fullbyggt, en reikna má með endurnýjun þess, m.a. fyrir gistiheimili og hótél og snyrtilegri iðnað, sem sækist eftir staðsetningu þar og betri umhverfisgæðum en nú eru í hverfinu. Nokkrar sérverslanir verða áfram á svæðinu.